

# Króka-Refs saga

vinnubók

svör

# Spurningar og svör

## Umræða við upphaf sögu

1. Á hvaða öldum gerist sagan?  
10. og 11. öld.
2. Hvenær er sagan rituð?  
Á fyrri hluta 14. aldar, að talið er.
3. Á hvaða Íslendingapátt er sagan sögð minna?  
Auðunar pátt vestfirska.

## Kafli 1

4. Hvað hét móðurbróðir Refs og hvers son var hann?  
Gestur Oddleifsson.
5. Hvað var Refur kallaður af öðrum mönnum?  
Fífl.
6. Hvaða áhrif hefði það haft á Þorbjörn ef Rannveig hefði ekki verið með í ráðum?  
Hann hefði verið skárri því að hún hafði vond áhrif á hann.
7. Hvaða rökum beitti Steinn til að hafa góð áhrif á Þorbjörn?  
Hann beitti þeim rökum að þeir tveir hefðu ekki átt ill samskipti og að hann (þ.e. Steinn) mundi því ekki tala illa um Þorbjörn; hann mundi neita því að Þorbjörn hefði sýnt sér ójafnað.
8. Hvaða áhrif höfðu orð Steins á Þorbjörn?  
Mjög góð. Þorbjörn gætir þess að angra Stein ekki.

## Kafli 2

9. Hvað bað Steinn konu sína að gera þegar hann væri allur?  
Selja jörðina og flytjast til Gests, bróður hennar.
10. Hvers vegna gerði kona Steins ekki það sem maður hennar hafði ráðlagt henni?  
Henni fannst jörðin fögur og góð.
11. Skrifðu fimm lýsingarorð sem notuð eru um Barða og hafið þau öll í frumstigi.  
lítill, frá, skyggn, glöggþekkinn, tryggur, trúr.

12. Hvað merkir lýsingarorðið *skyggn* ef það er notað um yfirnáttúrlega hæfileika?  
Orðið er þá notað um þann sem sér það sem aðrir sjá ekki; dulskyggn.
13. Hvaða eiginleikum er Barði búinn sem henta vel starfi hans?  
Hann sér vel; hann er frár á fæti og glöggur (veit t.d. hvaða búfé er aðkomufé).
14. Hvaða sögn er notuð í textanum yfir það að *deyja*?  
andast

### Kafli 3

15. Hvað varð til þess að Þorbjörn drap Bárð?  
Kona hans eggjaði hann til þess af því að fé þeirra hjóna fékk ekki að ganga í högum Þorgerðar í Kvinnabrekku.
16. Hvers vegna segir Þorgerður að betra hefði verið hefði hún eignast dóttur en soninn Ref?  
Hún segir að dóttir hefði þá getað gifst manni sem hefði orðið þeim að liði.
17. Hvers vegna ætli Refur brjóti neðan af spjóti sínu?  
Til þess að geta beitt því innan húss.
18. Hvað bauð Þorbjörn Refi í bætur?  
Hníf og brýni.
19. Hvar faldi Refur sig eftir að hann felldi Þorbjörn?  
Í viðarkesti.
20. Hvernig var Gestur Oddleifsson skyldur Refi?  
Gestur var móðurbróðir Refs.
21. Hvað merkir kenningin *máskeiðs fúrar tynir*?  
Kenningin merkir þann sem eyðir eldi sjávarins, þ.e. gulli. Merkingin er: gjafmildur maður, maður.
22. Hvaða hljóð ríma í síðustu braglínu vísunnar?  
hann – kann

### Kafli 4

23. Skoðið á korti leiðina frá Kvinnabrekku í Dölum að Haga á Barðaströnd.
24. Hvers vegna trúir Gestur því að Refur geti orðið góður smiður?  
Gestur hefur séð Ref tálga kefli mjög vel.

25. Hvernig var hægt að fá við í verkefnið?  
Skip hafði strandað og brotnað á fjörum Gests.
26. Hve langan tíma tók það Ref að smíða skipið?  
Fimm mánuði.

## Kafli 5

27. Hvaða þjálfun hafði Refur fengið í smíðum áður en hann kom til Gests frænda síns í Haga?  
Þegar Refur var í eldaskálanum heima í Kvennabrekku hafði hann skemmt sér við að smíða leikfangaskip eftir fyrirmynd sem norskur drengur hafði gefið honum.
28. Lýsið högum Gellis, þ.e. ferðum hans og dvalarstöðum.  
Gellir var farmaður og var í Noregi og á Íslandi á víxl. Þegar hann var á Íslandi var hann í Hlíð hjá móður sinni.
29. Hvor kemur betur út úr átökunum að ykkar áliti, Refur eða Gellir?  
Refur virðist koma út úr þessu með meiri sóma. Gellir beitir ósannindum og illu umtali – og það er lítilmannlegt.

## Kafli 6

30. Hvers vegna fullyrti Gestur að Refur mundi ekki geta verið í friði í Noregi?  
Af því að Gellir hefur átt vini í Noregi sem hefðu viljað hefna hans.
31. Hvaða hugverk skapar Refur eftir hvort vígið um sig?  
Hann yrkir dróttkvæða vísu.
32. Gestur segir að Refur sé næstmesti spekingurinn í ættinni. Hver er þá mesti spekingurinn?  
Gestur Oddleifsson sjálfur.
33. Hvað höfðust þeir að, Refur og menn hans, fyrsta veturinn í Grænlandi?  
Þeir gerðu sér skála í óbyggðum, og Refur smíðaði ferju.
34. Hvað bendir til þess að spennan hafi verið milli bæjanna í Hlíð og Vík?  
Þengill, sonur Þorgils í Vík, hafði beðið Helgu í Hlíð, en hún vildi ekki eiga hann.
35. Hvað er að segja um nöfn sona Refs og Helgu?  
Þeir bera nöfn afanna tveggja, Steins í Kvennabrekku og Björns í Hlíð. Þriðji sonurinn kemur síðar við sögu: hann ber nafn fóstura Helgu.

## Kafli 7

36. Finnið í textanum orð yfir nýfallinn snjó.  
nýsnævi.
37. Hvaða „sönnunargagn“ nefna þeir bræður við föður sinn um hræðslu Refs?  
Þeir sögðust hafa séð hland í sporum hans (láta liggja að því að hann hafi migið á sig).
38. Hvað varð samkvæmt orðum Þorgilssona til þess að Refur var gerður brottrækur af Íslandi?  
Samkynhneigð hans (þeir lugu þessu um hann)
39. Hvernig bregst Refur við rógburðinum (illmælinu)?  
Hann lætur eins og hann viti ekkert um söguburðinn.

## Kafli 8

40. Hvaða atriði í kaflanum ber vitni um hagleik Refs?  
Hann smíðaði „fádæma mikið spjót“.
41. Hve marga menn drap Refur í hefnd fyrir illmælið?  
Fimm manns, þ.e. Þorgils og syni hans fjóra.
42. Það má áætla hve lengi Refur hefur búið í Hlíð út frá tilteknu atriði? Hvaða atriði?  
Elsti sonurinn er níu vetra. Refur hefur því verið í Hlíð í u.þ.b. 10 ár.

## Kafli 9

43. Hvað þótti mönnum merkilegt við hefnd Refs?  
Að einn maður skyldi geta afrekað slíkt á einu síðkvöldi.
44. Hvernig tengdust Gunnar og Þorgils? (Notið nútímaorðalag.)  
Gunnar var tengdasonur Þorgils.
45. Hvers vegna telur Gunnar að Refur sé látinn?  
Hann hafði látið leita um allt. Hann vissi að einungis voru sex menn með honum og allir „óknáleigir“ að hans áliti. Hann vissi líka að Refur gat varla hafa komist til Íslands svo seint á hausti.

## Kafli 10

46. Hvað vildi Haraldur konungur láta Bárð flytja frá Grænlandi?  
Tönn og svörð (rostungs- og hvaltennur og skinn).
47. Hvaða álit hefur Bárður á Refi eftir að hafa heyrt sögu hans og séð handaverk hans?  
Bárður telur að Refur sé gæfumaður. Og hann dáist einnig að handlagni hans (þegar hann sér spænina).
48. Hvers vegna slokknaði eldurinn við virki Refs?  
Refur hleypti vatni (úr vatnslögninni) á virkisvegginn.
49. Samkvæmt orðum Refs er aðeins ein leið möguleg til að yfirvinna hann í virkinu.  
Hver er sú leið?  
Að einhver vitrari maður en Bárður gefi ráð.

## Kafli 11

50. Hvað var Bárður marga vetur hjá Gunnari í Grænlandsferðinni í þetta sinn?  
Tvo vetur.
51. Hvaða gjafir lætur Gunnar færa Haraldí Sigurðssyni konungi?  
Taminn hvítabjörn, tafl úr tönnum og rostungshaus með gullgröfnum tönnum.

## Kafli 12

52. Hvers vegna segir konungur: „Kann vera að hann hafi öðruvísi um talað“?  
Bárður sagði konungi ekki nákvæmlega frá orðum Refs, og það er eins og konunguinn hafi fundið það á sér.
53. Hvað ráðleggur konungur Bárði?  
Að fara ekki í annan leiðangur að Refi.

## Kafli 13

54. Hvers vegna sá konungur enga ástæðu fyrir Bárð að ráðast að Refi?  
Hann sagði að Bárður hefði enga ástæðu til að ráðast að Refi; Refur hefði ekkert gert honum.
55. Konungur gefur góð ráð um árásina á virkið. En hvað ráðleggur hann Bárði sjálfum (persónulega)?  
Hann ráðleggur Bárði að taka ekki þátt í herförinni að Refi.

## Kafli 14

56. Hvaða vörur voru nú á skipinu sem Refur hafði komið á frá Íslandi á sínum tíma?  
Grænlenkar vörur, svörður, tönn og skinnavara.
57. Fór Bárður að öllu leyti að ráðum Haralds konungs? Hverju munaði?  
Bárður var sjálfur með í herförinni en konungurinn hafði varað hann við því.
58. Hverju hótar Bárður Refi?  
Hann segist munu láta hengja Ref þarna á staðnum.
59. Hverju spáir Refur í vísunni?  
Refur spáir því að hann muni sigra Bárð.
60. Hve margir af mönnum Bárðar urðu undir virkisvegnum?  
Fjórir.

## Kafli 15

61. Hvers vegna lét Refur Stein son sinn damla með árarar?  
Til þess að það liti út fyrir að hann væri að róa af öllum kröftum.
62. Tvisvar sinnum lætur Refur lækka seglin. Í fyrra skiptið til að láta skip Bárðar renna fram úr skipi sínu. En hvers vegna lætur Refur lækka seglin í seinna skiptið?  
Til þess að það líti út fyrir að skip hans sé á hraðri siglingu og hverfi smátt og smátt úr augsýn.
63. Hvernig brást konungur við fréttinni af láti Bárðar?  
Hann sagði að farið hefði fyrir Bárði eins og hann bjóst við.

## Kafli 16

64. „...og urðu þar hvorir öðrum fegnir.“ Hverir eru það sem þarna hittast?  
Refur hittir þarna Helgu konu sína og liðið sem var með henni á skipinu sem hlaðið hafði verið grænlenstum varningi skömmu áður og beið í leynivogi.
65. Hvers vegna teljið þið að Refur hafi ekki farið strax á fund konungs?  
Hann hefur óttast reiði konungs vegna drápsins á Bárði, hirðmanni hans (sem konungur var reyndar ekki búinn að fréttast af). Auk þess hefur hann óttast reiði Norðmanna vegna drápsins á Gelli (sem hafði verið mikið í Noregi) sbr. orð Gestis í 6. kafla).
66. Á hvern hátt braut Björn gegn banni föður síns?  
Hann skildi móður sína eftir eina í skemmunni.

67. Hvers vegna gat Grani komist upp með þá framkomu sem talað er um (að berast mikið á og leita á annarra manna konur)?  
Hann var hirðmaður konungs.
68. Refur lýsir vígi á hendur sér í áheyrn konungs (hann vildi ekki leyndu mannvíginu því að það var skammarlegt). En hvers vegna talar Narfi (Refur) í gátum eða orðaleikjum?  
Hann veit að þannig mun hann vinna tíma til að geta flúið; að konungur þarf sinn tíma til að ráða „gátuna“ (hann veit líka að hirðmennirnir skilja ekkert og geta því ekki gripið hann strax).

## Kafli 17

69. Hvers vegna lét konungur ekki grípa Narfa (Ref) strax eftir að hann (þ.e. Narfi) talaði á þinginu?  
Hann var sjálfur að flytja ræðu og þurfti auk þess tíma til að ráða orðaleikinn.
70. „Þá hreiðurballaði ég hann.“ Hvað merkja þessi orð?  
Þetta er nokkurs konar *kenning* í anda fornskálda því að *böllur hreiðurs*, þ.e. kúla hreiðurs, er *egg*. Sögnin *hreiðurballa* getur þá merkt *eggja* (hvetja). Refur eggjar Gelli, manar hann til að bíða en flýja ekki.

## Kafli 18

71. Hvað er það helst sem gerir það freistandi fyrir Svein konung að taka vel við Refi? Danakonungi leist vel á Ref og syni hans (hann skildi líka vel að Refur hafði neyðst til manndrápa). En auk þess fannst honum varningurinn frá Grænlandi freistandi.
72. Hvað flutti Refur marga fálka frá Grænlandi? Kæmu tvö svör til greina? Rökstyðjið svarið.  
Það virðist vera um 50 fálka að ræða. Reyndar gæti verið átt við 50 „venjulega“ fálka og 15 hvíta að auki. Þá væru þeir samtals 65.

## Kafli 19

73. Hvaða hrósyrði notar Haraldur konungur um Ref?  
Konungur segir að Refur sé „mikill fyrir sér“.
74. Hvaða hlutverk fékk Eiríkur, bróðir Grana?  
Eiríkur fékk það hlutverk að fara til Danmerkur og reyna að ná Refi og fella hann.



## Kafli 20

75. Hvaða bragði beitir Refur sem hann hefur áður beitt í sögunni?

Hann villir á sér heimildir og breytir um nafn.

76. Hverrar trúar var Refur þegar hann lést?

Kristinn (hann hélt í pílgrímsferð til Rómar) og var jarðaður á munkaklaustri.

77. Hvar lét Sigtryggur (Refur) lífið?

Í Frakklandi.

## Nokkur verkefni að loknum lestri.

Tengið eftirfarandi orð við persónurnar sem taldar eru upp. Fleiri en eitt orð geta átt við um sömu persónu og sama orðið getur átt við fleiri en eina persónu.

vitur (Steinn, faðir Refs; Gestur Oddleifsson, Haraldur konungur, Refur)

illmenni (Þorgils í Vík og synir hans)

forspár (Steinn í Kvinnabrekku, Gestur Oddleifsson, Haraldur, Refur)

kvennaflagari (Grani)

afbrýðisamur (Þengill)

tryggur (Barði)

hávaðamaður (Gellir)

skyggn og glöggþekkingur (Barði)

orðhagur (Refur)

útsjónarsamur (Refur)

þjóðsmiður (Refur)

lygari (Þorgils í Vík og synir hans)

heimsk og harðráð (Rannveig)

eldsetinn (Refur)

væn og kæn (Helga Bjarnardóttir í Hlíð)

Refur

Rannveig, kona Þorbjörns í Sauðafelli

Barði fjárgeymslumaður

Gestur Oddleifsson

Steinn í Kvinnabrekku, faðir Refs

Þengill Þorgilsson í Vík

Haraldur konungur

Helga Bjarnardóttir í Hlíð

Bárður

Gellir

Grani

## Að loknum lestri. Stutt verkefni sem dreift er á nemendum.

Vinna fer fram í litlum hópum;  
hver hópur gerir grein fyrir sínu verki munnlega frammi fyrir bekknum.

1. Gerið stutta úttekt á konunum þremur í sögunni (móðirin, eiginkonan og nágrennakona Refs á æskuárum hans). (Ræða mætti hvernig þær birtast okkur á örlagastundum. Hvaða áhrif hafa þær á framgang sögunnar?)
2. Ræðið um þau verðmæti á Grænlandi sem hafa heillað Norðurlandabúa.
3. Örstuttur samanburður á Refi og Haraldi Sigurðssyni Noregskonungi. Hvað eiga þeir sameiginlegt?
4. Uppalendurnir Þorgerður Oddleifsdóttir (móðir Refs) og Gestur Oddleifsson (móðurbróðir Refs).
5. Notið atriði úr sögunni til að sýna fram á að óheiðarleg framkoma getur haft illar afleiðingar.
6. Rökstyðjið þá fullyrðingu að sagan greini frá átökum tveggja snjallra manna sem reyndar hittust aðeins einu sinni.
7. Gerið örstutta úttekt á persónuleika og hæfileikum Refs (og gleymið þá ekki orðlist hans!)
8. Ef þið ættuð að tengja þessa sögu við nútímann, hvaða lærdóm mætti þá draga af henni?
9. Örfá orð um byggð norrænna manna á Grænlandi út frá því sem sagnfræðiheimildir segja til um.

## Ritunarverkefni að loknum lestri.

Hver nemandi velur eitt verkefni og skrifar tvær síður.

1. **Æskuár Refs á Íslandi.** Bendið á helstu einkenni í fari Refs, kosti og galla. Hvað var það helst sem hafði áhrif á þroska hans. (Hverjir eru áhrifavaldarnir?)
2. **Helga Björnsdóttir, kona Refs.** Reynið að bregða upp mynd af Helgu og fylla í eyðurnar í sögu hennar. Hér þarf hugsanlega að beita ímyndunaraflinu. Ræða má um bónorð þengils, einnig mætti ræða um þormóð fóstura Helgu og áhrif hans á hana. Velta má fyrir sér hvort hún fór til Rómar með manni sínum. Hvar ætli hún hafi endað ævidaga sína?
3. **Refur Steinsson.** Lýsing á persónunni. Hvaða kostum er hann búinn? Hvernig nýtir hann hæfileika sína?
4. **Örstutt úttekt á konungunum tveimur,** Haraldi harðráða Sigurðssyni og Sveini Úlfssyni, og sambandi þeirra. Hvernig flækist Refur inn í samskipti konunganna?
5. **Samanburður á Auðunar þætti vestfirska og Króka-Refs sögu.** Að hvaða leyti eru þessi verk lík? Hver er helsti munur á verkunum tveimur?